

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Eyrartröð 14.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, á fundi sínum þann 8. mars 2006, breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Eyrartröð 14 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að byggja má við hús það sem þegar er á lóðinni og samkvæmt upplýsingum verður nýtingarhlutfall 0,44 í stað 0,18. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi suðuraxlar Fjárhúsholts, Lindarberg 42.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar, á fundi sínum þann 26. júlí 2006, breytingu á deiliskipulagi suðuraxlar Fjárhúsholts, Lindarberg 42 í Hafnarfirði. Breytingin felst í stækkun lóðar nr. 42 við Lindarberg. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar, 29. september 2006,

Anna Sofía Kristjánsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006